

Tillaga til þingsályktunar

um þátttöku Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Sighvatur Björgvinsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Rannveig Guðmundsdóttir,
Sigríður Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að Ísland verði aftur aðili að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Mótmæli Alþingis við hvalveiðibanni yrðu hluti þeirra ráðstafana.

Greinargerð.

Ísland gerðist aðili að alþjóðasáttmálanum um skipan hvalveiða árið 1948 en sagði aðildinni upp, sem jafngilti úrsögn úr Alþjóðahvalveiðiráðinu, árið 1991 á þeim forsendum að ráðið starfaði ekki í samræmi við sáttmálann.

Árið 1982 samþykkti Alþjóðahvalveiðiráðið tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni frá ársbyrjun 1986. Það bann skyldi síðan endurskoðað í ljósi þess mats sem lægi fyrir á ástandi hvalastofna árið 1990. Vísindaveiðar Íslendinga voru í raun framlag til þess að slíkt mat gæti orðið sem áreiðanlegast og lauk þeim árið 1989. Síðan þá hefur ekki verið veiddur hvalur við Ísland því að þrátt fyrir að vísindanefnd ráðsins samþykkti á grundvelli rannsóknanna að tilteknir hvalastofnar þyldu takmarkaðar veiðar ákvað meiri hluti ráðsins að endurskoða ekki veiðibannið. Alþingi samþykkti með naumum meiri hluta árið 1983 að nýta ekki rétt landsins til að gera fyrirvara við samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni.

Þótt Ísland hafi sagt sig úr ráðinu á þeim forsendum að vera þess í ráðinu kæmi í veg fyrir sjálfbæra nýtingu hvalastofna og þrátt fyrir tilraun til að skapa möguleika á að hefja að nýju hvalveiðar í samtökum með Norðmönnum, Grænlandingum og Færeyingum, NAMMCO, hafa hvalveiðar ekki hafist enn. Íslenskir vísindamenn telja þó að hvalastofnar við Ísland séu í vexti, enginn þeirra sé í útrýmingarhættu og einhverjir þoli í raun sambærilegar veiðar og voru stundaðar fram að gildistöku hvalveiðibannsins.

Í greinargerð með þingsályktunartillögu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar frá 1994 um hvalveiðar kom fram að ef Íslendingar hæfu aftur hvalveiðar tækju eftirlitsreglur óhjákvæmilega mið af umfjöllun hvalveiðiráðsins og þeim ákvörðunum sem þar væru teknar. Í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna og einnig í framkvæmdaáætlun Ríó-ráðstefnunnar er mælt fyrir um skyldu ríkja til samstarfs í þessum efnunum og 65. gr. hafréttarsamningsins fjallar sérstaklega um þessar skyldur hvað varðar sjávarspendýr. Þar segir að ríki „skuli starfa saman með verndun sjávarspendýra í huga og skuli hvað hvali snertir einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim“.

Þegar Ísland sagði sig úr ráðinu á sínum tíma var álitid að fleiri ríki fylgdu því fordæmi. Það gerðist ekki. Noregur sem er eina fullvalda ríkið ásamt okkur í NAMMCO hefur haldið áfram að starfa innan Alþjóðahvalveiðiráðsins og stundar hrefnuveiðar í skjóli þess. Ekki eru

líkur á að Norðmenn yfirgefi Alþjóðahvalveiðiráðið, enda virðast þeir telja að staða þeirra væri mun verri utan ráðsins. Þeir hafa m.a. bent á það sem merki um viðhorfsbreytingar í ráðinu að þeir skuli komast upp með að hefja hvalveiðar að nýju. Sé litið til stöðu Norðmanna virðist einsýnt að hagsmunum okkar væri betur borgið með því að vera einnig í ráðinu. Japanir stunda einnig veiðar í vísindaskyni. Þær veiðar fara fram þrátt fyrir veru þeirra í Alþjóðahvalveiðiráðinu og eru löglegar samkvæmt sáttmálanum rétt eins og vísindaveiðar okkar á sínum tíma.

Ekki er nóg að veiða, það þarf líka að selja, en allt er óljóst um sölu hvalaafurða. Í utandagskrárumræðu vorið 1996 kom fram í máli sjávarútvegsráðherra að því miður væri það staðreynd að eins og sakir stæðu væri ekki kostur á að flytja hvalaafurðir úr landi en lengi hefði legið fyrir að við gætum ekki selt Japönum hvalaafurðir þó að við hæfum veiðar á meðan við stæðum utan ráðsins. Samþykkt ráðsins frá áttunda áratugnum bannar að lönd innan ráðsins kaupi hvalaafurðir af ríkjum utan þess. Einnig hafa verið gerðar samþykktir sem lúta að verslun með skotfæri til hvalveiða.

Þrátt fyrir að við stöndum nú utan ráðsins og séum þar með ekki formlega bundin af ákvörðunum þess um veiðibann, þrátt fyrir að vísindamenn, bæði á Hafrannsóknastofnun og á vegum NAMMCO, telji að líffræðilegar forsendur séu ákjósanlegar varðandi veiðar og sjálfbæra nýtingu hvalastofnanna og þess vegna hægt að hrinda stefnu Íslands í framkvæmd, þrátt fyrir skýrslur á skýrslur ofan með fyrirheitum um hvalveiðar, ef ekki í ár þá á næsta ári, og þrátt fyrir umræður og heitingar á Alþingi og þrátt fyrir ályktun Alþingis frá mars 1999 þar sem segir að „hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land“, en sú tillaga gerði upphaflega ráð fyrir því að hvalveiðar yrðu hafnar árið 1999, þá veiðum við ekki hval. Augljóst er því að þrátt fyrir meinta ástæðu úrsagnar okkar úr Alþjóðahvalveiðiráðinu, sem var sú að afstaða ráðsins til hvalveiða byggðist ekki á vísindalegum forsendum heldur pólitískum, ræður pólitísk afstaða ráðsins einnig ákvörðunum og gerðum okkar utan ráðsins. Annað er ekki hægt að álykta af aðgerðaleyfi íslenskra stjórnvalda í öll þessi ár.

Rökin fyrir því að standa utan ráðsins eru harla léttvæg í ljósi þess að við allar ákvarðanir verður að taka tillit til stefnumótunar ráðsins, hversu óvísindaleg sem hún kann að vera. Hvort sem við stöndum utan ráðsins eða innan virðumst við bundin af ákvörðunum þess. Möguleikar til að hafa áhrif á stefnu þess eru mestir ef við eigum þar sæti því að ráðið er og verður um fyrirsjáanlega framtíð helsti vettvangur umræðu um hvalveiðar, og baráttu fyrir því að hvalveiðar verði hafnar á ný. Þar sitja enn fulltrúar helstu hvalveiðipjóðanna og einnig þeirra þjóða sem hafna hvalveiðum í atvinnuskyni og þar er baráttan háð um þessi mál.

Alþingi samþykkti með naumum meiri hluta árið 1983 að nýta ekki rétt landsins til að gera fyrirvara við samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni, svokallaðan núllkvóta, en slíkur fyrirvari hefði þýtt að Ísland hefði ekki verið bundið af samþykktum ráðsins. Sem lið í þeirri ákvörðun að ganga aftur í ráðið yrði Alþingi að samþykkja að gera slíkan fyrirvara, þ.e. að mótmæla banni við hvalveiðum, og yrði það liður í þeim ráðstöfunum sem samþykkt þessarar ályktunar felur í sér. Ekki liggur óbyggjandi fyrir hvort unnt er að ganga í alþjóðasamtök með fyrirvara en á það yrði að reyna sem og á velvilja þeirra þjóða sem vilja fá okkur aftur í ráðið eða hafa skilning á stöðu okkar.

Það hefði verið eðlilegt að í tengslum við afgreiðslu þeirrar þingsályktunatillögu um hvalveiðar sem afgreidd var í mars 1999 að jafnframt væri fjallað um tengsl Íslands við Alþjóðahvalveiðiráðið. Til stuðnings þeirri skoðun má nefna að í bréfi starfshóps sem skipaður var 1996 til að undirbúa tillögu til þingsályktunar um hvalveiðar Íslendinga kemur fram að Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC) sé helsti vettvangur umræðu um hvalveiðar og baráttu fyrir

endurupptöku þeirra. Jafnframt taldi starfshópurinn rétt að kanna hvaða möguleika endurnýjuð aðild Íslands að Alþjóðahvalveiðiráðinu kynni að hafa í för með sér.

Alþingi þarf að gera þessi mál upp við sig. Því er þessi tillaga nú flutt á nýjan leik en tillaga sama efnis var fyrst flutt á 121. þingi og síðan á 123. þingi en varð í hvorugt skiptið útrædd.